

# STJÓRNARTÍÐINDI B 20 – 2001

---

5. mars 2001

313

Nr. 168

## REGLUGERÐ

### um bann við veiðum með fiskibotnvörpu vestur af Stafnesi.

#### 1. gr.

Allar veiðar með fiskivörpu eru bannaðar vestur af Stafnesi á svæði sem markast af línnum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 64° 02'50 N – 23° 14'00 V
2. 63° 50'00 N – 23° 14'00 V
3. 63° 50'00 N – 23° 36'00 V
4. 63° 55'00 N – 23° 42'00 V
5. 64° 02'50 N – 23° 42'00 V

#### 2. gr.

Með mál sem kunna að rísa út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

#### 3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast gildi 7. mars 2001 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 5. mars 2001.*

**Árni M. Mathiesen.**

*Jón B. Jónasson.*